

Mánudaginn 18. nóvember 1991.

Nr. 432/1991. **Ómar Antonsson**

gegn

hafnarstjórn Hafnar í Hornafirði.

Kærumál. Matsmál. Hafnargerð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. september sl., sem hingað barst 28. október sl. Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp 26. ágúst sl., en sóknaraðili fékk vitneskju um hann 6. september sl. Kæruheimild er í d-lið 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og sér tildæmdur kærumálskostnaður.

Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sér dæmdur kærumálskostnaður.

Aðila greinir á um, hvort varnaraðili hafi lögmæta eignarnámsheimild að því landi, sem hann hefur óskað mats á. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms eiga þau lög við um mál þetta að öðru leyti en því, sem sérstaklega er öðruvísi mælt fyrir í hafnalögum nr. 69/1984. Varnaraðili hefur óskað mats samkvæmt 21. gr. hafnalaga, sem kveður á um skyldu landeiganda til að láta af hendi mannvirki og land til hafnargerðar. Aðila greinir ekki á um, að hleðsla grjótnavargarðs á Suðurfjörutanga, sem er tilefni matsbeiðni varnaraðila, miði að því að tryggja öryggi hafnarinna í Hornafirði. Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. laga um framkvæmd eignarnáms ber matsmönnum að skoða lagaheimild til eignarnámsins, en aðilar geta samkvæmt 17. gr. sömu laga borið ágreining út af lögmæti eignarnáms undir reglulegan héraðsdóm á hvaða stigi málsmeðferðar, sem hafa vill. Ekki eru þó efni til að fjalla í þessu matsmáli um efnisrétt aðila, og ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður aukadómpings Austur-Skaftafellssýslu 26. ágúst 1991.

Hinn 19. júní 1991 barst embættinu beiðni Sveins Sveinssonar hdl. fyrir hönd Hafnar, þar sem óskað var eftir dómkvaðningu matsmanna á grundvelli 21. gr. hafnalaga nr. 69, 1984, svo að fram megi fara eignarnám á landsvæði við innsiglinguna í Hornafjarðarósi. Í beiðninni kemur fram, að reisa á nokkurn hluta varnargarðs í landi jarðarinnar Horns í Nesjahreppi, sem bæjarfélagið Höfn á að einum þriðja í óskiptri sameign með Ómari Antonssyni bifreiðarstjóra, Hlíðartúni 15 á Höfn. Í beiðninni kemur fram, að bæjarfélagið Höfn hafi heimilað byggingu varnargarðsins, en ekki hafi náðst samkomulag við Ómar Antonsson um byggingu garðsins í landi Horns.

Við fyrirtekt málsins 12. ágúst 1991 lýsti lögmaður matsbeiðanda yfir, að hann legði fram matsbeiðnina í nafni hafnarsjóðs Hafnar, en ekki bæjarsjóðs Hafnar, eins og hann hafði ritað í matsbeiðninni.

Lögmaður Ómars Antonssonar, landeiganda á Horni, Gestur Jónsson hrl., mætti við fyrirtekt málsins og krafðist þess, að beiðni um dómkvaðningu matsmanna yrði hafnað, og einnig krafðist hann málkostnaðar vegna þessa þáttar málsins. Í greinargerð lögmannsins kemur fram, að í reglugerð fyrir Hafnarkauptún í Hornafirði, nr. 65/1970, með síðari breytingum komi fram, hver séu mörk hafnarinnar, og höfnin því að langmestu leyti í landi jarðarinnar Horns, sbr. 1. og 5. gr. reglugerðarinnar. Þá bendir lögmaðurinn á 7., 8. og 21. gr. hafnalaga, nr. 69/1984, og telur, að með samanburði á þeim lagagreinum megi ráða, að skylt sé eigendum hafna að eignast allt það land, sem sé innan hafnarinnar, og sé því matsbeiðnin byggð á ólögætum sjónarmiðum. Lögmaður bendir einnig á 2. tl. 25. gr. laga nr. 69, 1984, máli sínu til stuðnings, en þar kemur fram, að skilyrði til þess að fá ríkisstyrk til hafnaframkvæmda sé, að hafnarsjóður hafi tryggt sér eignarhald á viðkomandi svæði, sem talið er þurfa undir hafnarmannvirki og þá starfsemi, sem fram fer við höfnina. Í greinargerðinni rekur lögmaður stuttlega, hvernig hafnarsjóður hefur setið yfir hlut skjólstæðings síns frá öndverðu. Þannig hafi hafnarsjóður ekki greitt Ómari Antonssyni neitt fyrir afnot af landi hans, en hann á a.m.k. $\frac{2}{3}$ hluta Hornslands. Þá hafi hafnarsjóður dælt jarðefnum úr ósnum og nýtt þau án þess að greiða fyrir og án þess að hafa samráð við Ómar og án samþykkis hans. Samningar hafi ekki náðst um kaup matsbeiðanda á landi Ómars innan hafnarsvæðisins, og það sé ekki fyrr en nú, þegar matsbeiðandi er tilneyddur að ná eignarhaldi á landi undir grjótnarnargarð á Suðurfjörutanga,

að hann sýni tilburði til þess að eignast landið, en matsbeiðandi mun ekki fá ríkisstyrk til framkvæmdanna, nema hann sé eigandi landsins. Samkvæmt matsbeiðninni ætli matsbeiðandi að ná eignarhaldi á lítilli sneið af því landi sameiganda síns, Ómars Antonssonar, sem hann nýtir undir höfn, og sé því ljóst, að matsbeiðandi ætli að halda áfram heimildarlausum notum hafnarinnar að öðru leyti án endurgjalds, og sé því ljóst, að matsbeiðnin sé reist á ólögætum sjónarmiðum, og beri að hafna henni.

Í greinargerð lögmanns gerðarbeiðanda, Sveins Sveinssonar hdl., kemur fram, að hann telur, að engan veginn sé hægt að túlka 8. gr. hafnalaga á þann hátt, að öll hafnasvæði skuli vera í eigu sveitarfélaga. Vísar lögmaðurinn til þess, að eignaraðild að höfnum hafi víðar en á Höfn verið með þeim hætti, að aðrir en sveitarfélög eigi svæði þau, sem falli undir hafnarsvæði.

Þá vísar lögmaðurinn til skilnings Hafnamálaskrifstofu og samgönguráðuneytis á þessu atriði.

Ekki verður fallist á þá skoðun lögmanns landeiganda, að matsbeiðnin sé byggð á ólögætum sjónarmiðum. Þar sem matsbeiðandi hyggst takmarka eignarnámið við það land, sem þarf til byggingar varnargarðs, ætti það ekki óhjákvæmilega að verða til þess, að landeigandi verði fyrir auknum eða áframhaldandi óþægindum, eins og lögmaður hans heldur fram.

Ekki er fallist á þá skoðun lögmanns landeiganda, að 8. gr. l. nr. 69/1984 komi í veg fyrir, að beiðni um skipun matsmanna verði tekin til greina.

Samkvæmt framansögðu þykir verða að hafna þeirri kröfu lögmanns landeiganda, Gests Jónssonar, að beiðni um dómkvaðningu matsmanna verði hafnað. Málskostnaður fellur niður.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Beiðni hafnarsjóðs Hafnar um, að dómkvaddir verði matsmenn á grundvelli 21. gr. hafnalaga nr. 69/1984, er tekin til greina. Málskostnaður fellur niður.